

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 4. apríl 2023

Mál nr. S-5372/2022:

## Héraðssaksóknari

(Klara Dögg Steingrimsdóttir aðstoðarsaksóknari)

## gegn

## Finnboga Erni Halldórssyni og

(Páll Kristjánsson lögmaður)

## Daníel Þór Jónssyni

(Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 8. mars sl., er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 17. nóvember 2022, á hendur Finnboga Erni Halldórssyni, kt. [...], [...], [...], og Daníel Þór Jónssyni, kt. [...], [...], Reykjavík, fyrir eftirtalin brot: „fyrir meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum í rekstri einkahlutafélagsins A ehf., kt. [...] (áður B ehf.), nú afskráð, Finnboga sem framkvæmdastjóra með prókúru og stjórnarmanni félagsins til 7. febrúar 2017, en sem daglegum stjórnanda frá þeim degi og Daníel sem framkvæmdastjóra með prókúru og stjórnarmanni félagsins frá 7. febrúar 2017, með því að hafa:

- Staðið skil á efnislega rangri virðisaukaskattskýrslu einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilsins nóvember rekstrarárið 2016 með því að hafa vanframtalið útskatt félagsins og fyrir að hafa eigi staðið skil á virðisaukaskattskýrslum einkahlutafélagsins fyrir uppgjörstímabilin desember rekstrarárið 2016 og janúar-febrúar til og með maí-júní rekstrarárið 2017 og fyrir að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimta bar í rekstri einkahlutafélagsins, vegna allra framangreindra uppgjörstímabila, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 4.081.041 að því er varðar ákærða Finnboga og kr. 3.147.979 að því er varðar ákærða Daníel, sem sundurliðast sem hér greinir:

|           | Vantalinn útskattur | Vantalinn útskattur |
|-----------|---------------------|---------------------|
| Árið 2016 | Finnbogi            | Daníel              |
| október   | kr. -240.000        |                     |

|                  |     |                  |                  |
|------------------|-----|------------------|------------------|
| nóvember         | kr. | 181.695          |                  |
| desember         | kr. | 991.367          |                  |
|                  | kr. | <b>933.062</b>   |                  |
| <b>Árið 2017</b> |     |                  |                  |
| janúar – febrúar | kr. | 745.006          | 745.006          |
| mars – apríl     | kr. | 2.043.165        | 2.043.165        |
| maí – júní       | kr. | 359.808          | 359.808          |
|                  | kr. | <b>3.147.979</b> | <b>3.147.979</b> |
| <b>Samtals</b>   | kr. | <b>4.081.041</b> | <b>3.147.979</b> |

2. Látið undir höfuð leggjast að færa tilskilið bókhald fyrir einkahlutafélagið í samræmi við kröfur laga nr. 145/1994, um bókhald, og vanrækt að varðveita fylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn vegna starfsemi einkahlutafélagsins frá og með október rekstrarárið 2016 til og með júní rekstrarárið 2017.

Brot ákærðu samkvæmt 1. tölulið teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Brot ákærðu samkvæmt 2. tölulið ákæru varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 36. gr. og 1. og 2. tölulið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Verjendur ákærðu krefjast aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefjast þeir hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

### Málsatvik

Með bréfi skatransóknarstjóra ríkisins 28. apríl 2020 var máli á hendur ákærðu vísað til rannsóknar hjá héraðssaksóknara vegna meintra brota á ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, laga nr. 145/1994 um bókhald og eftir atvikum almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Málið var sent héraðssaksóknara á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um rannsókn skatransóknarstjóra á bókhaldi og virðisaukaskattsskilum A ehf. vegna rekstrartímabilsins 1. október 2016 til og með 30. júní rekstrarárið 2017. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 18. mars 2020 en skiptum var ólokið.

Samkvæmt fyrrgreindu bréfi skatransóknarstjóra var talið að rannsóknin hefði m.a. leitt í ljós að bókhald hafi ekki verið fært vegna tímabils þar sem ákærði Daníel var fyrirsvarsaður félagsins auk þess sem bókhaldsgögn hafi ekki verið varðveitt vegna þess tímabils sem ákærði Finnbogi var fyrirsvarsaður félagsins. Einnig var talið að rannsókn hafi leitt í ljós að skattaðili hafi vanrækt að standa skil á

virðisaukaskattsskýrslum vegna desember rekstrarárið 2016 og janúar til og með júní rekstrarárið 2017. Skattskyld velta og útskattur séu oftalin á virðisaukaskattsskýrslu vegna október rekstrarárið 2016. Staðin hafi verið skil á rangri virðisaukaskattsskýrslu vegna nóvember rekstrarárið 2016. Skattskyld velta og útskattur séu vanframtalin. Ekki séu fyrirbyggjandi innskattsbær gjaldagögn og því ekki um mögulegan innskatt að ræða. Þá eigi söluveikningar sem gefnir hafi verið út á þrjú tiltekin félög ekki við rök að styðjast. Voru það niðurstöðurnar að vanframtalin skattskyld velta næmi 17.004.344 krónum og vanframtalin útskattur 4.081.041 krónu.

Fram kemur í bréfi skattrannsóknarstjóra að upplýst hafi verið við rannsókn málsins að ákærði Finnbogi hafi verið skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og handhafi prókúruumboðs vegna félagsins á tímabilinu frá 19. apríl 2013 til 10. janúar 2017. Þá hafi ákærði Daníel verið skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og handhafi prókúruumboðs vegna félagsins frá 10. janúar 2017. Það væri mat skattrannsóknarstjóra að ákærðu hefðu vegna stöðu sinnar brotið gegn nánar tilgreindum lagaákvæðum með því að sýna af sér saknæma vanrækslu og þar með baka sér refsíábyrgð.

Teknar voru skýrslur af ákærðu hjá skattrannsóknarstjóra í maí og ágúst 2019, auk þess sem teknar voru skýrslur af tveimur öðrum mönnum með réttarstöðu sakbornings. Í framburðarskýrslu af ákærða Finnboga kom fram að kunningi hans hefði stofnað félagið, þeir hefðu síðan ætlað að nýta það saman til að halda utan um sýningu, en þegar það hefði ekki gengið upp hefði hann tekið við félaginu til að halda utan um sína atvinnustarfsemi. Hann hefði svo farið út úr félaginu í janúar 2017. Hann kvaðst ekki kannast við meðákærða Daníel en hann kannaðist við féлага hans. Hann kvaðst ekki muna vel eftir atvikum, en telja að hann hefði ekkert notað félagið og kvaðst ekki hafa nein bókhaldsgögn vegna þess. Hann staðfesti þó undirritun sína á þau gögn sem borin voru undir hann.

Í framburðarskýrslu ákærða Daníels hjá skattrannsóknarstjóra kom fram að hann hefði haldið félagið utan um málningarvinnu sína, en því hefði eiginlega ekki verið stjórnað af neinum heldur verið „rekið í rugli“. Hann taldi sig eiga bókhaldsgögn en vegna tíðra flutninga var hann ekki viss um hvar þau væri að finna. Hann hefði breytt nafni félagsins í A ehf. og allir reikningar hefðu verið gefnir út í nafni þess. Hann kannaðist ekkert við B ehf. Hann hefði verið mjög ungur og ekki haft neitt vit á fyrirtækjarekstri.

### **Framburður fyrir dómi**

Ákærði Finnbogi greindi frá því að hann hefði rekið umrætt félag einn til skamms tíma. Það hefði gengið ágætlega þar til hann hefði lent í mótörhjólaslysi og þurft að láta félagið frá sér. Hann hefði starfað sem málari og strákar sem hefðu starfað hjá honum sem undirverktakar hefðu tekið við félaginu og breytt nafni þess. Þeir hefðu ætlað að

nota félagið við málningarvinnu. Það hefði þó verið slugsað að færa félagið formlega yfir á þá. Hann hefði talið allt vera eðlilegt við reksturinn á meðan hann hefði rekið félagið. Hann hefði áður rekið einkahlutafélag og þekkti þær skyldur sem fælust í því. Hann hefði ekki fengið greiðslur fyrir félagið en hefði aðstoðað við skattskil í nokkrar vikur eftir að hann hefði hætt með það. Hann hafði ekki skýringar á þeim tímabilum sem ekki hefði verið skilað skýrslum. Hann sagði alla sölureikninga sem hann hefði gert hafa verið í nafni B ehf. Ákærði kannaðist þó ekki við alla þá reikninga sem gerðir voru í nafni félagsins. Hann hefði ekkert haft með árið 2017 að gera þar sem hann hefði þá verið farinn úr félaginu. Hann kannaðist við að hafa ritað undir skýrslur sem bornar voru undir hann, en hann hefði þó ekkert haft með stjórn félagsins að gera heldur hefði einungis aðstoðað við skýrslur og ekkert haft með greiðslur að gera. Þá kannaðist hann við að hafa mótttekið greiðslur vegna ákveðinna verkefna.

Ákærði Daníel skoraðist undan því að gefa skýrslu fyrir dómi.

### **Niðurstaða**

Ákærðu eru í máli þessu gefin að sök meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum í rekstri einkahlutafélagsins A ehf., sem áður hét B ehf., Finnboga sem framkvæmdastjóra með prókúru og stjórnarmanni félagsins til 7. febrúar 2017, en sem daglegum stjórnanda frá þeim degi, og Daníel sem framkvæmdastjóra með prókúru og stjórnarmanni félagsins frá 7. febrúar 2017.

Ákærðu neita báðir sök og krefjast aðallega sýknu. Ekki eru gerðar athugasemdir við tölulegar niðurstöður. Ákærðu byggja einkum á því að brot þeirra eigi ekki undir almenn hegningarlög nr. 19/1940 og ákærði Finnbogi byggir jafnframt sérstaklega á því að hann geti ekki borið ábyrgð á brotum vegna ársins 2017.

Samkvæmt gögnum málsins var ákærði Finnbogi skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi frá 19. apríl 2013. Þann 7. febrúar 2017 var fyrirtækjaskrá send tilkynning um úrsögn hans úr stjórn og jafnframt að ákærði Daníel hefði tekið við sömu stöðu í félaginu þann 10. janúar 2017.

Ákærði Finnbogi hafnar því að bera ábyrgð á framangreindum brotum. Hann hafi farið úr stjórn félagsins þann 10. janúar en heimilt sé að tilkynna breytingar á stjórn innan mánaðar og hafi það verið gert 7. febrúar 2017. Fullframning brota gegn lögum um virðisaukaskatt eigi sér í fyrsta lagi stað 5. febrúar 2017 en ákærði hafi þá verið farinn úr stjórn félagsins. Eftir það hafi hann einungis verið nýjum stjórnarmönnum innan handar og ritað undir virðisaukaskattsskýrslur. Hann beri hins vegar ekki ábyrgð á greiðslunum. Hann hafnar því alfarið að hafa verið daglegur stjórnandi félagsins eftir að hann hvarf úr stjórn þess.

Samkvæmt 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög bera stjórnarmenn einkahlutafélaga almennt ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi sé

jafnan í réttu og góðu horfi, þ. á m. að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Þá bera framkvæmdastjórar einkahlutafélaga einnig ábyrgð samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laganna. Skal framkvæmdastjóri m.a. annast daglegan rekstur félags og sjá um að bókhald þess sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Óumdeilt er að ákærði Finnbogi var stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins þar til í upphafi ársins 2017 er ákærði Daníel tók við rekstrinum. Ákærða Finnboga er gefið að sök að hafa áfram verið daglegur stjórnandi félagsins en þá ásamt ákærða Daníel. Í gögnum málsins er að finna sö lureikninga sem gefnir eru út í nafni B ehf. eftir að ákærði Finnbogi hvarf úr stjórn félagsins. Hann kannaðist ekki við að hafa gefið reikningana út og gat ekki gert grein fyrir því hvernig fara hefði átt um skattskil vegna þeirra. Við skýrslugjöf hjá skattransóknarstjóra kannaðist ákærði Daníel heldur ekki við framangreinda reikninga og kvaðst enga reikninga hafa gefið út með nafninu B ehf. Ákærði Finnbogi kannaðist hins vegar við að hafa tekið við greiðslum vegna þeirra. Þá er einnig að finna reikninga meðal gagna málsins í nafni A ehf. sem hvorugur ákærðu kannaðist við að hafa gefið út.

Við mat á því hvort ákærði Finnbogi geti talist hafa farið með daglegan rekstur félagsins eftir úrsögn hans úr stjórn verður að líta til þess að hann hafði reynslu af rekstri einkahlutafélaga og þekkti þá ábyrgð sem því fylgir, gagnstætt ákærða Daníel sem var ungur og óreyndur. Ákærða Finnboga var fullkunnugt um að gera þyrfti grein fyrir skattskyldri veltu og standa skil á innheimtum virðisaukaskatti. Hann undirritaði virðisaukaskattskýrslur eftir að hann gekk úr stjórn félagsins. Jafnframt voru gefnir úr reikningar á því nafni sem hann notaði á félagið og greiðslur vegna þess runnu til hans. Bar hann ábyrgð á að virðisaukaskattur vegna þeirra væri greiddur og bókhald fært. Hann gat þó ekki gert grein fyrir því hvernig um það hefði farið. Ljóst er að ákærði kom að rekstri félagsins, jafnvel þótt hann hafi verið afskráður úr stjórn þess, m.a. með því að gefa út reikninga og taka við greiðslum. Verður því að líta svo á að hann hafi áfram sinnt daglegum rekstri félagsins ásamt ákærða Daníel eins og honum er gefið að sök í ákæru.

Ákærðu hafna því að brot þeirra verði heimfærð undir 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk ákvæða laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, og til 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk 36. gr. og 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Ákæruvaldið byggir á því að fjárhæðir í málinu séu stórfelldar og vísar um það til dómaframkvæmdar. Lög nr. 29/2021 breyti engu um refsineami eða viðurlög vegna þessara brota.

Samkvæmt 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga telst brot meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða aðstæður auka mjög á saknæmi brotsins, svo og ef maður hefur áður verið dæmdur sekur fyrir sambærileg brot.

Með lögum nr. 29/2021 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi skattrannsóknna. Samkvæmt 2. mgr. 121. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 11. gr. laga nr. 29/2021, skal ríkissaksóknari setja nánari fyrirmæli um hvaða málum vegna skatta og gjalda skuli vísað til rannsóknar lögreglu.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 29/2021 segir m.a. að lagt sé til að „ríkissaksóknari gefi fyrirmæli á grundvelli laga um meðferð sakamála um hvaða málum skuli vísað til lögreglu. Í þeim fyrirmælum felist mat á hvaða brot teljist meiri háttar brot í skilningi 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þannig að þeim verði vísað strax til rannsóknar og ákærumeðferðar. Við útgáfu slíkra fyrirmæla mætti líta til þeirra breytinga sem gerðar eru í frumvarpinu á sektarheimildum skattrannsóknarstjóra auk þess sem eðlilegt er að taka jafnframt tillit til alvarleika brota, stigs ásetnings og hvort um ítrekun eða, eftir atvikum, brotasamsteypu sé að ræða.“

Hinn 25. ágúst 2021 gaf ríkissaksóknari út fyrirmæli nr. 6/2021 um meðferð skattalagabrota. Í reglunum kemur fram að máli skuli vísað til lögreglurannsóknar að lokinni skattrannsókn þegar rökstuddur grunur sé um að fjárhæð samanlagðra brota, eins og lýst er í reglunum, nemi hærrí fjárhæð en 50 milljónum króna. Þá er miðað við að brotum er varða lægri fjárhæð skuli vísað til lögreglu ef rökstuddur grunur er um að verknaður hafi verið framinn með sérstaklega vítaverðum hætti, eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins.

Samkvæmt framangreindu er við það miðað að ætluð brot gegn 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga fari í ákærumeðferð en sæti ekki sektarmeðferð skattrannsóknarstjóra. Þá er ljóst að með framangreindum fyrirmælum hefur ákærvaldið í raun tekið almenna afstöðu til þess á grundvelli 2. mgr. 121. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 11. gr. laga nr. 29/2021, hvernig skilyrði 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga um meiri háttar brot skuli framvegis túlkað. Þegar litið er til fjárhæðar brota samkvæmt ákæru í máli þessu og atvika að öðru leyti er einsýnt að mál ákærðu hefði einungis sætt sektarmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra eftir að fyrirmæli ríkissaksóknara voru gefin út og þeir ekki verið sakfelldir fyrir brot gegn 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 35/2021, sem kveðinn var upp 13. apríl 2022, kemur fram það mat réttarins að setning laga nr. 29/2021 breyti í engu refsínæmi þessara brota eða lögbundnum viðurlögum við þeim. Brot ákærða í því máli vörðuðu fjárhæðir sem samkvæmt nefndum leiðbeiningum bæri að vísa til lögreglu. Í þessu máli nær sú fjárhæð sem um ræðir ekki þeim mörkum. Í dómum Landsréttar í málum nr. 162/2022 og 328/2021 var vísað til framangreinds dóms Hæstaréttar. Var það niðurstaðan í þeim málum að breytt tilhögun á refsimeðferð skattalagabrota eftir setningu laga nr. 29/2021 hefði ekki þýðingu við mat á refsínæmi þeirrar háttsemi sem ákært væri fyrir í þeim málum.

Við niðurstöðu í máli þessu er óhjákvæmilegt að líta til framangreindra dóma. Ákærðu byggja á því að í þeim málum hafi ákæra verið gefin út fyrir gildistöku framangreindra laga nr. 29/2021. Ákærða í máli þessu hafi verið gefin út eftir framangreint tímamark og því beri að líta svo á að brot þeirra teljist ekki meiri háttar í samræmi við 262. gr. almennra hegningarlaga. Í máli Landréttar nr. 162/2022 var ákæra hins vegar gefin út eftir gildistöku laganna og útgáfu fyrirmæla ríkissaksóknara. Með vísan til framangreinds dóms verður breytt tilhögun á refsimeðferð skattalagabrota eftir setningu laga nr. 29/2021, sem draga mun úr heimfærslu slíkra brota til 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, ekki talin hafa þýðingu við mat á refsinemi þeirrar háttsemi sem ákært er fyrir í máli þessu. Í samræmi við framangreint teljast brot ákærðu rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærðu bar skylda til að sjá til þess að bókhald félagsins væri í réttu horfi og að bókhaldsgögn væru varðveitt með fullnægjandi hætti. Þar sem það var ekki gert hafa þeir gerst sekir um brot gegn 1. og 2. tölulið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald. Samkvæmt framangreindu ákvæði telst það meiri háttar brot gegn lögnum ef m.a. bókhaldsskyldur maður færir ekki tilskilið bókhald fyrir sjálfan sig þannig að hann uppfylli kröfur laga í meginatriðum og samkvæmt 2. tölulið lagaákvæðisins einnig ef hann varðveitir ekki fylgiskjöl eða önnur bókhaldsgögn eða gerir það á svo ófullnægjandi hátt að ógerningur sé að rekja bókhaldsfærslur til viðskipta og byggja bókhaldsbækur og ársreikning á þeim. Verða brotin af þessum sökum talin meiri háttar í skilningi 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Finnbogi er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 16. nóvember 2022, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Ákærði Daníel er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 16. nóvember 2022, á hann að baki sakaferil sem hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Að framangreindu virtu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Finnboga hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá verður ákærða jafnframt gert að greiða sekt sem ákvörðuð verður í samræmi við eðli brotanna og dómaframkvæmd 7.600.000 krónur sem greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 120 daga. Refsing ákærða Daníels verður ákveðin fangelsi í þrjá mánuði en fullnustu hennar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði ákærði 4.800.000 krónur í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 90 daga.

Ákærði Finnbogi greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 1.747.656 krónur. Ákærði Daníel greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, 1.265.544 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Klara Dögg Steingrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Finnbogi Örn Halldórsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði, Daníel Þór Jónsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Finnbogi greiði 7.600.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins en sæti ella fangelsi í 120 daga.

Ákærði Daníel greiði 4.800.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins en sæti ella fangelsi í 90 daga.

Ákærði Finnbogi greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Kristjánssonar lögmanns, 1.747.656 krónur.

Ákærði Daníel greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, 1.265.544 krónur.

Barbara Björnsdóttir